

fjárhæð dómkröfu stefnanda nægilega rökstudd. Á dskj. nr. 64 kemur fram, að stefnandi hefur greitt eiganda farmsins, Guðbirni Guðjónssyni, danskar kr. 83.580.45. Fallast ber á það með lögmanni stefnda Guðmundar A. Guðmundssonar h/f, að krafa stefnanda um greiðslu á íslenskum kr. 141.657 falli undir málskostnað, og verður hún tekin þannig til greina.

Stefndi Guðmundur A. Guðmundsson h/f greiði stefnanda kr. 540.000 í málskostnað, þar með eru taldar íslenskar kr. 141.657. Málskostnaður að því er varðar stefnda Hafskip h/f fellur niður.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari, Guðmundur Hjaltason skipstjóri og Stefán Már Stefánsson lögfræðingur.

Dómsorð:

Stefndi Hafskip h/f skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ágústs Fjeldsted hæstaréttarlögmanns f. h. Baltica-Skandinavia, í máli þessu. Málskostnaður að því er varðar stefnda Hafskip h/f fellur niður.

Stefndi Guðmundur A. Guðmundsson h/f greiði stefnanda, Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmanni f. h. Baltica-Skandinavia danskar kr. 83.580.45 með 9% ársvöxtum frá 15. júní 1974 til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá 15. júlí 1974 til greiðsludags og kr. 540.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. apríl 1981.

Nr. 88/1981. Véltak h/f
gegn
Herði Ingólfssyni.

Kærumál. Beiðni um greiðslustöðvun synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Björn Sveinbjörns-son, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. mars 1981 samkvæmt heimild í 1. mgr. 10. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að greiðslustöðvunartímabilið verði stýtt verulega. Þá krefst hann kærumálskostnaðar að mati Hæstaréttar.

Lögmaður varnaraðilja, sem sent hefur Hæstarétti greinargerð, krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar. Í greinargerðinni er að finna nýjar upplýsingar um efnahag varnaraðilja. Henni fylgdi skattframtal hans 1981.

Lögmaður varnaraðilja, Pétur Kjerúlf héraðsdómslögmaður, sendi beiðni um greiðslustöðvun til skiptaréttar Hafnarfjarðar 10. mars sl. Var þar m. a. sagt, að „helstu eignir“ varnaraðilja væru um 790.000 krónur, en „helstu skuldir“ um 265.000 krónur. Samkvæmt yfirliti í greinargerð lögmannsins til Hæstaréttar eru eignirnar 117.520.00 krónum hærri en sagði í greiðslustöðvunarbeiðninni og skuldirnar 72.334.46 krónum hærri en þar var greint. Ástæðan til beiðni varnaraðilja um greiðslustöðvun virðist hafa verið sú ein, að selja átti bifreið með lyftikrana, sem er eign hans, á nauðungaruppboði til lúkningar fjárnámskröfu sóknaraðilja. Ekki er að finna í gögnum málsins upplýsingar um, hversu há fjárnámskrafan er.

Varnaraðili hefur ekki fært að því rök, að hann eigi í verulegum fjárhagsörðugleikum, en greiðslustöðvun verður eigi heimiluð, nema um slíka örðugleika sé að ræða, sbr. 7. gr. laga nr. 6/1978.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Það athugast, að í beiðni lögmanns varnaraðilja, sem fyrr er nefnd og send var skiptarétti 10. mars sl., gætir verulegrar ónákvæmni um framtal eigna og skulda. Er þetta ámælisvert.

Eftir þessum málsúrslitum verður varnaraðili dæmdur til að greiða sóknaraðilja 1.000.00 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Hörður Ingólfsson, greiði sóknaraðilja, Véltaki h/f, 1.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Hafnarfjarðar 11. mars 1981.

Með beiðni, dags. 10. mars sl., fer Hörður Ingólfsson, Hólabraut 7, Hafnarfirði, nafnnr. 4772-2895, þess á leit við skiptaráðandann í Hafnarfirði, að hann heimili sér greiðslustöðvun í 3 mánuði samkvæmt II. kafla gjaldprotaskiptalaganna nr. 6 frá 1978 með þeim réttarverkunum, sem í 8. gr. nefndra laga segir.

Beiðandi kveður ástæðuna fyrir beiðni þessari vera þá, að hann eigi nú sem stendur í verulegum greiðsluerfiðleikum, m. a. á að selja nauðungaruppboði 15. þ. m. bifreið hans, G 13772, GMC ASTRO 95, ásamt vökvakrana, og öllu, sem henni fylgir, en bifreið þessi er atvinnutæki beiðanda. Beiðandi kveðst ekki eiga þess nokkurn kost að greiða uppboðskröfuna fyrir uppboðið og væri einsýnt, að nefnd bifreið yrði seld á nauðungaruppboði hinn 15. þ. m., nema kæmi til greiðslustöðvunar. Beiðandi kveður, að líklegt söluverð nefndrar bifreiðar, verði hún seld frjálsri sölu, sé nú um kr. 450.000.00, en á nauðungaruppboði gæti hann í hæsta lagi vænst þess að fá fyrir hana þriðjung þess verðs. Beiðandi kveðst nota greiðslustöðvunartímann til þess að leita eftir tilboðum og selja eitthvað af eignum sínum og fá þannig fé til þess að greiða gjaldfallnar skuldir. Beiðandi kveður þessar eignir sínar vera helstar:

Íbúð að Hólabraut 7, Hafnarfirði, staðgreiðsluverð	ca kr. 250.000.00
Eifreiðin G 13772 ásamt vökvakrana og dráttarvagni	— — 450.000.00
Bifreiðin G 7072	— — 90.000.00

Eignir samtals ca kr. 790.000.00

Beiðandi kveður skuldir sínar helstar vera þessar:

Sparisjóður Reykjavíkur	kr. 20.000.00
Landsbanki Íslands	— 20.000.00
Samvinnubankinn	— 15.000.00

Véltak h/f	kr. 150.000.00
Búnaðarbankinn	ca — 5.000.00
Samvinnutryggingar	— — 5.000.00
Sparisjóður Hafnarfjarðar	— — 50.000.00

Samtals ca kr. 265.000.00

Beiðandi hefur ráðið til sín Pétur Kjerúlf héraðsdómslögmann, Hafnarfirði, til þess að aðstoða sig við að koma nýrri skipan á fjármál sín á þann veg, er að ofan greinir.

Samkvæmt framansögðu er ljóst, að beiðandi á í verulegum fjárhagsörðugleikum. Bent hefur verið á ákveðnar hugmyndir, hvernig megi koma nýrri skipan á fjármál hans. Beiðandi hefur ráðið til sín lögmann til aðstoðar í því skyni. Þykir því rétt með vísan til 7. gr. laga nr. 6/1978 að kanna til fullnustu, hvort ekki megi koma nýrri skipan á fjármál beiðanda. Veitist því umbeðin greiðslustöðvun í 3 mánuði frá uppkvaðningu úrskurðar þessa að telja með þeim réttarverkunum, er í 8. gr. laga nr. 6/1978 segir.

Úrskurð þennan kvað upp Gissur V. Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógeta.

Úrskurðarorð:

Herði Ingólfssyni, Hólabraut 7, Hafnarfirði, nafnnr. 4772-2895, er heimiluð greiðslustöðvun í allt að 3 mánuðum frá 11. mars 1981 að telja samkvæmt II. kafla gjaldprotaskipta-laga nr. 6 frá 5. maí 1978.

Fimmtudaginn 30. apríl 1981.

Nr. 101/1981. **Hótel Esja h/f**

gegn

protabúi Baldurs E. Bjarnasonar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.